



# RANGÁRÞING EYSTRÁ

## Fréttabréf

Júlí 2019 - 17. árgangur, 1. tölublað

Rangárþing eystra  
Hlíðarvegur 16  
860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200

Vefur: [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Umsjón: Nanna Fanney Björnsdóttir

Ábyrgð: Anton Kári Halldórsson

### *Kæru sveitungar*


Sumarið er tíminn.... Eða allavega þessa stundina. Þvílíkt sumar sem við höfum fengið hér í Rangárþingi eystra og annarsstaðar á Suðurlandi. Maður verður í raun hissa að vakna á morgnanna á morgnanna og ekki skín sól. Fyrir þetta er ég þakklátur. Það verður allt einhvern veginn miklu betra þegar það er gott veður. Maður gleymir líka mjög fljótlega því sumri sem við fengum í fyrra og stóð ef ég man rétt í einn dag.

En sumarið er stutt og því verður að reyna að nýta það til fullnustu á meðan það varir. Það reynum við hjá Rangárþingi eystra svo sannarlega að gera. Það er margt sem þarf að gera á stuttum tíma. Vinnuskóli Rangárþings eystra hóf störf skömmu eftir skólaslit og hafa sinnt hinum ýmsu störfum við fegrun umhverfis og náttúruvernd um sveitarfélagið allt. Langar að koma að sérstöku hrósi til allra þeirra ungmenna sem starfa við skólann, þið standið ykkur gríðarlega vel og eigið stóran þátt í því hvað fallegt er um að litast í sveitarfélaginu okkar.

Viðsvegar eru ýmsar framkvæmdir í gangi á vegum sveitarfélagsins, fyrirtækja og einstaklinga. Það er virkilega gaman að fylgjast með því hvað vel gengur hjá okkur og hvað vel er gert. Það verður ekki annað séð en að framtíðin sé nokkuð björt hér hjá okkur í Rangárþingi eystra.

Nú á vordögum voru gerðar nokkuð röt-tækar breytingar í bæði flokkun og söfnun sorps. Mikið framfara skref var stigið með því að fara að safna lífrænum úrgangi frá heimilum. Að sjálfsögðu hvet ég um leið fyrirtæki til að verða okkur samferða í þeim efnum. Einhverjir hnökra hafa orðið bæði varðandi flokkun og söfnun, eins og við var að búast. Við erum þakklát fyrir þann skilning og þolinmæði sem okkur hefur verið sýnd við að koma þessu verkefni á laggirnar. En betur má ef duga skal og erum við ævinlega þakklát fyrir allar ábendingar frá íbúum um það sem betur má fara.

Íbúum Rangárþings eystra heldur áfram að fjölga og samkvæmt nýjustu tölum erum við 1946. Þetta er jákvæð þróun og greinilegt að öll uppbygging er að skila sér. En því er einnig mikilvægt að reyna



*Ljósm: Jóna Sigbórsdóttir*

að spá fyrir um framtíðina og vera í stakk búin til að takast á við hana. Skipulagsvinna er lykilþáttur í því að vera undirbúin og nú er unnið að skipulagi fyrir m.a. miðbæinn á Hvolsvelli, skóla, leikskóla og íþróttasvæði, Kirkjuhvolsreit og síðast en ekki síst endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem stefna þess er mörkuð

til komandi ára til komandi ára. Einnig eru fjölmörg og áhugaverð verkefni og hugmyndir í gangi á vegum fyrirtækja og einstaklinga víðs vegar í sveitarfélaginu.

Kæru vinir, njótum sumarsins og þess að vera til.

*Anton Kári Halldórsson*  
*Sveitarstjóri Rangárþings eystra*

# Eflum menningarstarf enn frekar

Hvar væri okkar sveitarfélag án menningar? Ansi litlaust er ég hrædd um.

En sem betur fer þurfum við ekki að hafa áhyggjur af menningarsnaudu sveitarfélaga í brád.

Vorið 2018 var ég svo heppin að fá það hlutverk í hendurnar að sinna starfi formanns menningarnefndar til næstu fjögurra ára. Í nefndinni með mér eru fjórir öflugir, hugmyndaþríkir og skemmtilegir nefndarmenn og er ég lánsöm að segja frá því að allir okkar fundir hingað til hafa verið gríðarlega skemmtilegir og fyllt mig eldmóði og tilhlökkun til næsta fundar. Við vinnum vel saman og erum full af hugmyndum og getum ekki annað en verið spennt fyrir næstu verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur.

Nú í apríl 2019 var tekin sú ákvörðun að stofnaður yrði Menningarsjóður Rangárþings eystra með það að markmiði að efla og styrkja menningarstarf enn frekar í sveitarfélaginu.

Sveitastjórn Rangárþings eystra ákveður upphæð úthlutunar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og fara úthlutanir fram tvisvar á ári, einu sinni að vori og einu sinni að hausti.

Hægt er að fara inn á heimasíðu Rangárþings eystra og kynna sér betur úthlutunarreglur sjóðsins og þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublað.

Okkur í menningarnefnd þykir gríðarlega mikilvægt að hér sé virkt og öflugt menningarstarf tónlistar, myndlistar, leiklistar og sögu ásamt allri þeirri menningu sem gefur okkar fallega sveitarfélagi lit.

Stofnun sjóðsins er okkur því mikilvæg og stuðlar að til að stuðla að því að ánafna ákveðna upphæð ár hvert sem eingöngu er ætluð til eflingar menningar því hér í Rangárþingi eystra er fullt af hæfileikaríku fólki sem hefur mikið fram að færa.

Síðasta laugardag í ágúst höldum við svo hina árlegu Kjötsúpuhátið!

Kjötsúpuhátiðin er skemmtileg og hátíðleg bæjarhátið þar sem bæjarbúar skreyta húsin sín og garða í þemalítum sinnar götu sem setur skemmtilegan og lífligan svip á bæinn. Á heimasíðu sveitarfélagsins er hægt að sjá mynd af litaskiptingu gatnanna.

Hátiðin þetta árið verður með svipuðu sniði og áður með kjötsúpurólti á föstudagskvöldinu þar sem íbúar bjóða öðrum íbúum til sín í súpu. Á laugardeginum verður svo fjölbreytt dagskrá þar sem SS bíður upp á sína margrómuðu kjötsúpu, Sveitalistamaður ársins verður tilkynntur, Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra verða veitt ásamt Skreytingaverðlaunum 2019. Laugardagurinn endar svo með balli að vanda þar sem hljómsveitin Allt í Einu leikur fyrir dansi. Þar mætir líka Bryndís Ásmundsdóttir, en hún verður með Tinu Turner Show fyrir ballgesti um miðnótt.

Einnig verður margt annað í boði á dagsskrá laugardagsins en nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Í vor hélt menningarnefnd íbúafund þar sem kjötsúpuhátiðin var rædd í þaula og var samhljóða niðurstaða á þeim fundi að hrista aðeins upp í hátiðinni og færa hana aftur „heim“. Atriðin höfðu mikið þróast yfir í aðkeypt atriði miðað við það sem áður hafði verið en nú er markmiðið að setja saman skemmtilega dagskrá þar sem okkar hæfileikaríka fólk fær meira að njóta sýn enda nóg af öflugu fólki hér í okkar sveitarfélagi.

Undirbúningur fyrir hátiðina gengur vel og erum við gríðarlega spennt og vonum að sjálfsögðu að veðurguðirnir verði með okkur í ár.

Að lokum langar mig svo að hvetja alla til þess að byrja að huga að skreytingum í sínum þemalítum og jafnvel að bjóða upp á súpu í ár. Stemmningin eykst með hverri súpu!

Sveitarfélagið mun útvega skálar og skeiðar og er menningarnefnd í samskiptum við fyrirtæki á svæðinu til að afla afslátta svo að súpukostnaður verði sem lægstur.

Munum svo fyrst og fremst að hafa gaman og ganga hægt um gleðinnar dyr!

*Harpa Mjöll Kjartansdóttir  
Formaður menningarnefndar.*

## Íþróttamaður ársins 2018

Þann 17. júní síðastliðinn voru tilkynnt úrslit um íþróttamann ársins 2018 í Rangárþingi eystra.

Fjórir aðilar voru tilnefndir af íþróttafélagunum á svæðinu og var það svo í höndum Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefndar að velja úr þeim hópi. Íþróttamaðurinn skal vera 15 ára eða eldri og hafa stundað íþrótt sína með íþróttafélagi í sveitarfélaginu eða vera með lögheimili þar.

Þau fjögur sem hlutu tilnefningu voru: Andri Már Óskarsson – Golf Birta Sigurborg Úlfarsdóttir - Frjálsar íþróttir Elvar Þormarsson - Hestaiþróttir Þormar Elvarsson – Knattspyrna



Elvar Þormarsson bar sigur úr býtum en hann var í úrslitum á nánast öllum mótum sem hann tók þátt í þetta árið. Þar með talið Íslandsmóti fullorðna og einnig á Landsmótinu sem haldið var í Reykjavík. Hann var einnig meðal þeirra hröðustu í skeiðgreinum á árinu 2018.

## Ný jafnréttisáætlun

Í apríl síðastliðnum samþykkti sveitarstjórn nýja jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið og mun áætlunin gilda frá 2019 til 2023. Áætlunin var unnin af jafnréttisnefnd en hana skipa, Guri Hilstad Ólason, formaður nefndarinnar, Arnar Gauti Markússon og Harpa Mjöll Kjartansdóttir. Vill sveitarstjórn nýta tækifærið og þakka þeim sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Í áætluninni er tekið á öllum helstu þáttum jafnréttis í sveitarfélaginu svo sem launajafnrétti, starfsþjálfun og endurmenntun, jafnrétti í skólasterfi og námi, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í jafnréttisáætluninni er einnig framkvæmdaáætlun um hvernig framfylgja megi helstu þáttum áætlunarinnar. Áætlunina má lesa í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins. Næstu skref í jafnréttismálum sveitarfélagsins er innleiðing jafnlaunavottunar.

# Hvolsskóli

Haustið 2018 lögðum við af stað með 228 nemendur en við skólaslit í maí voru 239 nemendur við skólann. Á skólaslitum voru útskrifaðir 27 nemendur en ljóst er að í haust koma 22 nemendur í 1. bekk. Engu að síður stefnir í að við séum með sama fjölda nemenda þar sem eitthvað er um flutninga í sveitarfélagið. Ánægjulegt er að sjá hve sveitirnar í kringum Hvolsvöll eru að byggjast upp en margir eru að flytja þangað með börn.

Margt var um að vera í skólanum í vetur og ýmislegt brallað. Nú á vordögum fóru nemendur úr 7. bekk í fornleifaskólann en hann hefur verið í Odda. Börnunum gafst þar færi á að taka þátt í uppgreiftri undir leiðsögn fagmanna. Skemmtilegt og einkar fræðandi verkefni á vegum Oddafélagsins sem ég vona að sé komið til að vera.

Nemendur skólans tóku einnig þátt í keppnum og viðburðum svo sem Skólahreysti á vormánuðum sem og Stóru upp-lestrarkeppninni. Hvolsskóli komst áfram upp úr Suðurlandsríðlinum og keppti því í lokakeppni Skólahreysti í maí og stóðu þau Birta Sigurborg, Bjarni Már, Óli Guðmar og Þórdís Ósk, sig frábærlega. Nemandi Hvolsskóla stóð efstur í Stóru upp-lestrarkeppninni á okkar svæði en það var hún Lilja Dögg Ágústsdóttir.



meier ásamt Hr. Guðna Th. Jóhannessyni, eiginkonum þeirra og fylgdarmönnum. Nemendur Hvolsskóla voru þess heiðurs aðnjótandi að fá að kynna fyrir hópnum Sólheimajökulsverkefnið okkar en frá 2010 hafa nemendur í 7. bekk farið að jöklinum til að mæla hop hans. Hann hefur á þessum 9 árum hopað um 379 metra. Nemendurnir hittu hópinn í Lava og kynntu stuttlega verkefnið en fylgdu síðan hópnum að jöklinum og sögðu frá þar. Í haust verður gerð tíunda mælingin á jöklinum.



Nemendur í valinu þjóðleik settu upp leiksyninguna Dúkkulísa undir stjórn þeirra Önnu Kristínar Guðjónsdóttur og Ingibjargar Erlingsdóttur. Þeir sýndu bæði hér heima en einnig í Hveragerði þar sem lokahátíð þjóðleiks var. Syningin var skemmtileg og vel sótt.

Einna hæst bar þó opinber heimsókn forseta Þýskalands, Franks-Walter Stein-

Framundan er skólaár, sneisafullt af ýmsum viðburðum og verkefnum. Eitt af okkar fyrstu verkefnum verður að ganga á fjöll en það er liður í Tíu tinda göngunni okkar svokölluðu. Við erum að fara í fjallgöngur sjöunda árið í röð og því ekki kominn heill hringur enn. Markmiðið er að hver nemandi hafi við lok tíu ára skólagöngu í Hvolsskóla, gengið á 10 fjöll í héraði. Við hvetjum fólk til að slást í för með okkur í þessar göngur.

Í haust gengur 1. bekkur eins og vant er á Stóru-Dímon, 2.-4. bekkur á Lambafell, 5.-7. bekkur á Fagrafell og 8.-10. bekkur á Drangshlíðartind.

Skólasetning verður mánudaginn 26. ágúst kl. 11 í sal skólans.

*Hlökkum til að taka á móti ykkur*

*Birna Sigurðardóttir*

*Skólastjóri Hvolsskóla*

## Upplýsingar um fasteignagjöld

Fasteignagjöld eru árlega lögð á allar fasteignir, nema þær séu undanþegnar með lögum, og ber eigandi á hverjum tíma ábyrgð á greiðslu þeirra.

Álagning fasteignaskatts er framkvæmd samkvæmt II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögum er skylt að leggja fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignarmati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt fasteignaskrá.

Yfirlit fasteignagjalda geta eigendur eign nálgast á íbúagátt Rangárþings eystra eða [www.island.is](http://www.island.is), þar sem hægt er að skrá sig inn annað hvort með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Álagningaseðill er ekki sendur í pósti, nema að eigandi fasteigna óski sérstaklega eftir því. Vinsamlegast hringið á skrifstofu Rangárþings eystra eða sendið beiðni um slíkt í tölvupósti á [hvolsvollur@hvolsvollur.is](mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)

Fasteignaverð í Rangárþingi eystra hefur hækkað mikið á síðastliðnum árum og hefur sú hækkun bein áhrif á fasteignamat í sveitarfélaginu. Fasteignamat í sveitarfélaginu hækkaði að meðaltali um 12,5% fyrir álagningu ársins 2019. Til að koma til móts við fasteignaeigendur í Rangárþingi eystra ákvað sveitastjórn í desember á síðasta ári að lækka álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,375% í 0,35%. Með þessari aðgerð tók sveitastjórn á sig um helming hækkunar fasteignagjalda.

Búið er að gefa út nýtt fasteignamat vegna álagningar fyrir árið 2020. Þar kemur fram að fasteignamat í Rangárþingi eystra hækkar um 6,3% en meðaltalshækkun fasteignamats á suðurlandi fyrir 2020 er 8% en 6,1% á landinu öllu.

Eins vill sveitarfélagið benda íbúum á að á heimasíðu Þjóðskrár Íslands <https://www.skra.is/thjonusta/fasteignir/> má finna upplýsingar um fasteignamat allra eigna. Eigendum fasteigna í sveitarfélaginu, sem telja að fasteignamat á sinni eign endurspeglgi ekki gangverð fasteigna geta gert athugasemd við matið hjá Þjóðskrár Íslands og farið fram á endurmat eignarinnar.

# Fréttir um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Mikið er að gera í skipulagsmálum í sveitarfélaginu okkar. Í byrjun árs tók gildi nýtt deiliskipulag fyrir Hamragarða/Seljalandsfoss, þar sem gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn, auk þess sem Þórsmurkurvegur verður færður fjær fossinum. Byggt verður upp heildstætt göngustígakerfi sem dreifir betur umferð um svæðið og dregur úr álagi á viðkvæma staði.

Verið er að vinna að fjórum stórum deiliskipulagsverkefnum í þéttbýlinu. Þar ber fyrst að geta vinnu við nýtt miðbæjar-arskipulag á Hvolsvelli. Aðal viðfangsefni þeirrar skipulagsgerðar er að skilgreina lóðir og byggingamöguleika fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, ásamt því að gera grænum svæðum, sem nýtast til útiveru og hátíðahalda, hátt undir höfði. Gerðar verða endurbætur á Þjóðvegi 1 þar sem áherslan er fyrst og fremst á að draga úr umferðarhraða og bæta öryggi vegfarenda.

Á haustmánuðum 2018 fór af stað vinna við tvö skipulagsverkefni á Hvolsvelli. Annars vegar endurskoðun á skóla- og íþróttasvæðinu og hins vegar stækkun á íbúðarsvæði. Í vinnu við endurskoðun á skóla- og íþróttasvæðinu verður gert ráð fyrir nýbyggingu leikskóla, fyrir að lágmarki 160 nemendur, ásamt stækkunarmöguleika. Svæðið í kringum grunnskólann verður einnig tekið til endurskoðunar þar sem gert verður ráð fyrir stækkunarmöguleikum skólans, endurskoðun á útivistarsvæði nemenda, ný aðkoma skólábíla og stækkun á sundlaugar-arsvæði. Að auki verður gert ráð fyrir nýju fjölnota íþróttahúsi sem mun verða stað-

sett við SS-völlinn. Nemendur Hvolsskóla munu koma að vinnu við deiliskipulagsgerðina.

Í nýrri íbúðarbyggð, sem rísa mun norðan við núverandi byggð í Króktúni og Gunnarsgerði, verður gert ráð fyrir allt að 120 íbúðum. Byggðin mun verða lágrest með

Á Kirkjuhvolsreitnum er verið að vinna að breytingu á nú gildandi deiliskipulagi. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir stækkun á dvalarheimilinu ásamt 25-30 íbúðum í raðhúsum fyrir 60 ára og eldri. Að auki verður hugað að framtíðaruppbyggingu heilsugæslustöðvarinnar.



Tillaga að nýju skipulagi íbúðarbyggðar í Hvolsvelli

fjölbreyttum húsagerðum, þ.e. einbýli, þar- og raðhús á einni hæð. Lögð verður áhersla á góðar göngutengingar bæði innan svæðisins og við aðliggjandi svæði, þá sérstaklega öruggar gönguleiðir til og frá skóla- og íþróttasvæði. Gert verður ráð fyrir nýrri vegtengingu inn í þéttbýlið frá Suðurlandsvegi. Hinn nýi vegur mun liggja frá Nýbýlavegi og norður fyrir hina nýju íbúðarbyggð, og tengjast Suðurlandsvegi með hringtorgi, rétt vestan við spennistöð RARIK.

## Framkvæmdir við Hvolsskóla

Verið er að vinna við endurbætur og viðhald á Hvolsskóla. Skipta á um þakklæðningu á elsta stigi skólans auk þess sem að anddyri verður lagfært. Komið hefur í ljós leki á gluggum í matsal og einnig í kaffistofu starfsmanna. Unnið er að lagfæringum.

*Guðmundur Úlfar Gíslason*  
Skipulags- og byggingafulltrúi

## Nýr ærslabelgur

Nýr ærslabelgur var settur upp á Miðbæjartúninu á Hvolsvelli í lok júní. Hann hefur notið mikilla vinsælda hjá íbúum sem og gestkomandi og er þar nær stanslaus straumur af fólki.

Á Miðbæjartúninu er góð aðstaða til að setjast niður og njóta í lautarferð með fjölskyldu og vinum og þar er einnig hægt að skoða ljósmyndasýningu frá 860+ sem er félag áhugaljósmyndara í Rangárþingi eystra og nágrenni.


Ærslabelgurinn er staðsettur bakvið Félagsheimilið Hvolinn og þar eru næg bílastæði og gott aðgengi. Stutt er í alla þjónustu og því tilvalið að fá sér ís og röla yfir á ærslabelginn.

Tilkoma ærslabelgsins er liður í því að glæða lífi í miðbæinn og auka afþreyingu fyrir unga sem aldna.



# Gestastofa Kötlu jarðvangs

Katla jarðvangur opnaði í sumar fyrstu upplýsinga- og fræðslumiðstöð sína við Þorvaldseyri. Þar var áður starfrækt frá árinu 2011 gestastofan Eyjafjallajökull Erupts en þangað sóttu margir ferðamenn eftir gosið árið 2010. Gengið hefur vel að taka á móti fjölda gesta sem heimsækja gestastofuna en það er nokkuð ljóst að gosið í Eyjafjallajökli árið 2010 er ennþá ofarlega í huga margra þrátt fyrir að liðin séu bráðum tíu ár frá gosinu. Mikið er um að gestir spyrji hvaða afleiðingar gosið hafði á íbúa jarðvangsins, svæðið og dýralífið. Allmargir eiga sögu að segja um hvaða áhrif gosið hafði á sig árið 2010. Dæmi eru um að Eyjafjallajökuls gosið hafi haft örlogarík áhrif á líf margra. Sumir segjast hafa kynnst maka sínum á fjarlægum slóðum vegna flugtafa og séu núna að heimsækja eldfjallið sjálf, jafnvel í



*Nýráðinn jarðfræðingur í gestastofu Kötlu jarðvangs, Jóhannes Marteinn, rýnir í bergmola sem ungur gestur fann í Reynisfjöru og spurði hvaða tegund væri. Taldi hann líklegt að um kol væri að ræða þar sem bergmolinn var léttari en hrafntinna og biksteinn, og skildi jafnframt eftir sig svarta rák á blaði. Ungir sem aldnir hafa áhuga á jarðfræði Kötlu jarðvangs.*



*Lítill verslun með áherslu á handverk úr héraði er einnig í gestastofunni. Skartgripir úr hrauni og ullarhúfur eru vinslustu vörurnar en margir kaupa einnig fræðslu- og ljósmyndabækur.*

brúðkaupsferð. En Eyjafjallajökull er ekki það eina sem ferðamenn sækjast eftir upplýsingum um í gestastofu Kötlu jarðvangs. Jöklarnir laða einnig að og vekja athygli margra á svæðinu. Allmargir segjast eiga leið til Íslands til að sjá og snerta jökul. Margir óttast afleiðingar af hlýnandi loftslagi og afleiðingum þess á jörðina, lífríkið og mannkynið. Þeir skynja að Íslendingar séu framarlega á sviði náttúruverndamála, þeir séu til fyrirmyndar á mörgum sviðum, víða sé verið að flokka rusl og huga að umhverfinu. Íslendingar megi vera stoltir af hreinu og fallegu landi og þeir vona að það haldist þannig í framtíðinni. Margir hafa áhuga á að fara í gönguferðir til að njóta kyrrðar í náttúrunni, upplifa jöklana og sjá hið ríka fuglalíf, þó sérstaklega lundann. Starfsmenn hafa notið þess að geta tekið á móti gestum jarðvangsins og segja með stolti frá þessu stórmerkilega svæði sem er hér að finna og vinna ötullega að því að undirbúa fræðslufni um það fyrir gestastofuna.



## Nemandi Tónlistaskóla Rangæinga í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Fiðluleikarinn Elísabet Anna Dudziak spilaði sig inn í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands á dögnum. Hún lauk miðstigi á fiðlu um miðjan mars og hefur ávalt verið fyrirmyndarnemandi og ákaflega dugleg og fylgin sér í náminu. Það má því með sanni segja að hún sé að uppskera eftir mjög mikla og góða ástundun námsins.

Elísabet Anna hóf nám á fiðlu átta ára gömul og hefur stundað námið óslitið síðan en hún lauk 10. bekk frá Hvolsskóla í vor.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands mun í september efna til glæsilegra tónleika þar sem Níunda Sinfónía Beethovens verður flutt og þar mun Elísabet Anna leika á fiðlu.

## Markaðs- og kynningarfulltrúi



Nanna Fanney Björnsdóttir hefur hafið störf sem markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárbings eystra en hún leysir af Árnýju Láru Karvelsdóttur sem er í barneignarleyfi.

Nanna Fanney er menntaður ferðamálafræðingur og hefur búið á Hvolsvelli í rúmlega 4 ár. Síðan hún flutti í sveitarfélagið hefur hún starfað á Hótel Rangá. Nanna tók formlega við af Árnýju í byrjun júní og mun gegna starfi markaðs- og kynningarfulltrúa í eitt ár.

# Hröðunarmælingar á vegum Rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði

Settur hefur verið upp á Kirkjuhvoli hröðunarmælir frá Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði.

Rannsóknarmiðstöðin hefur síðastliðin 30 ár starfrækt net hröðunarmæla á helstu jarðskjálftasvæðum landsins. Tilgangurinn með netinu og mælunum er m.a. að endurbæta mat á jarðskjálftavá og gera raunhæfari staðla fyrir mannvirkjahönnun. Á vegum Rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði hafa síðastliðna áratugi farið fram umfangsmiklar rannsóknir á sviði jarðskjálftaverkfræði og hafa mælingar í hröðunarmælanetinu leikið þar stórt hlutverk. Þetta eru einu rannsóknir sinnar tegundar á Íslandi en vegna þess hve lang-

ur tími líður á milli stórra jarðskjálfta hér á landi þá er það mjög brýnt að mælitæki séu til staðar til að safna dýrmætum upplýsingum. Því meiri upplýsingar sem til eru um jarðskjálftaáraun, því raunhæfari hönnunarforsendur er hægt að setja fram fyrir mannvirkin okkar.

Flestar stöðvar Íslenska hröðunarmælanetsins eru á Suðurlandi en þar er eitt virkasta jarðskjálftasvæði landsins og þar eru upptök stærstu jarðskjálftanna. Því er það mjög mikilvægt að net hröðunarmæla verði til staðar þegar næsti stóri jarðskjálfti ríður yfir. Mikil áhersla er lögð á hafa mæla í háum byggingum, skólum, sjúkrahúsum, flugvöllum, veitumannvirkjum og öðrum

mikilvægum mannvirkjum en einnig er lögð áhersla á góðra dreifingu stöðva.

Þar sem ekki er hægt að spá fyrir um það hvenær stórir skjálftar ríða yfir landið er mikilvægt að mannvirkin okkar standist kröfur og séu vel byggð til að takast á við jarðskjálfta og þannig minnka líkur á tjóni. Netið er því mikilvægur þáttur í að bæta hönnun og byggingu mannvirkjana okkar. Nú sanda yfir endurbætur á hröðunarmælanerfinu sem hefur verið rekið frá því 1985. Eldri mælitækjum er skipt út fyrir ný og einnig er bætt við nýjum stöðvum og þar á meðal á Hvolsvelli.

## Frábær gjöf til Skólalþjónustunnar og leikskólanna

Leikskólunum fimm á starfssvæði Skólalþjónustunnar barst á dögnum höfðingleg gjöf þegar Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur heimsótti Skólalþjónustuna og færði henni og leikskólunum fimm á starfssvæðinu að gjöf mál- og talþjálfunarefnið Lærum og leikum með hljóðin. Efni þetta byggir m.a. á rannsóknum og fagþekkingu talmeinafræðinnar og hefur hlotið ýmsar viðurkenningar.

Bryndís hefur starfað sem talmeinafræðingur á Íslandi í rúm 30 ár og samið og gefið út mikið og fjölbreytt efni til mál- og talþjálfunar. Með stuðningi nokkurra fyrirtækja, auk framlags Bryndísar sjálfar fá allir leikskólar á Íslandi pakka af heildstæðu þjálfunarefni að gjöf til að nýta í starfi sínu með börnunum. Ýmislegt aukaefni sem styður við hljóðanámið fylgir með í skólalþjónunum s.s. púsl, límmiðar, vinnusvuntur og smáforrit. Efnið kemur í fallegum töskum sem skólarnir fá til eignar. Bryndís mun fylgja efninu eftir með vefnámskeiðum sem verða auglýst síðar.

Auk þess sem efnið nýtist vel við þjálfun barna á leikskólanna er hægt að lána það heim til foreldra sem þess óska.

Þeir aðilar sem leggja þessu lofsverða framtaki lið og gera gjöfina mögulega eru auk Raddlistar talmeinaþjónustufyrirtækis Bryndísar og fjölskyldu hennar: Marel, Lýsi, Ikea og hjónin Björgólfur Thor og Kristín Ólafsdóttir.

Þessi góða gjöf er mjög kærkomin og mun sannarlega nýtast vel í skólalstarfinu, en nú í haust fer einmitt af stað sérstakt þróunar-

verkefni í leikskólunum fimm sem standa mun fram til vors 2021. Verkefnið, sem styrkt er myndarlega af Sprotasjóði, hefur

það að markmiði að efla málþroska nemendanna og undirbúa þá undir lestarnám í grunnskóla.



# Ruslatínsla í Landeyjafjöru

Krakkarnir í vinnuskóla Rangárþings eystra tóku sig til á dögnum og tíndu rusl í Landeyjafjöru.


Með í för voru 31 ungmenni, 3 flokkstjórar og starfsmaður frá áhaldahúsi með dráttarvél og gám.

Tínt var frá Landeyjahöfn að skipsflakinu Sigurði Gísla og tíndu þau rúmlega tvö og hálf tonn af rusli eða nákvæmlega heil 2640 kg.

Meirihlutinn af því var ýmiskonar plast, svo sem plastlát, rúlluplast, kaðlar og net. Verkefnið hefur fengið umfjöllun í fjölmiðlum sem og hjá umhverfisverndarsamtökunum Bláa hernum, en þeir standa fyrir hreinsunaráttakinu Hreinsum Ísland.



## Sorphirðudagatal 2019 Rangárþing eystra



## Sorpmálin

Eftir að nýtt sorphirðudagatal og lífræn tunna voru kynnt til leiks hefur flokkun og sorphirða verið mikið í umræðunni.

Flokkun á heimilum virðist ganga vel og magnið af lífrænum úrgangi virðist vera í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Með tímanum kemur fram reynslan af breyttu sorphirðudagatali og eru allar ábendingar teknar til greina þegar sorphirðan verður endurskoðuð með haustinu. Íbúum er bent á að hafa samband við Sorpstöðina í gegnum facebook eða á netfangið [strond@rang.is](mailto:strond@rang.is) ef einhverjar athugasemdir eða spurningar vakna varðandi flokkun og sorphirðu.

## Heimasíða sveitarfélagsins

Unnið er í því að gera heimasíðu sveitarfélagsins aðgengilegri og skilvirkari. Ný heimasíða fór í loftið í byrjun árs og áfram er verið að bæta inn upplýsingum og fréttafni.

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir eða vilt sjá ákveðið efni á heimasíðunni er hægt að senda inn athugasemd á [nanna@hvolsvollur.is](mailto:nanna@hvolsvollur.is)

## Kjötsúpuhátíðin

Kjötsúpuhátíðin 2019 verður haldin helgina 30. ágúst – 1. september 2019. Nú er tíminn til að fara yfir skreytingar, taka til í garðinum og skipuleggja súpugerð. Dagskrá verður auglýst síðar.

## Menningarsjóður Rangárþings eystra

Við minnum á að opið er fyrir umsóknir um styrk úr Menningarsjóði Rangárþings eystra. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, að vori og hausti, og er sjóðnum ætlað að efla og styrkja menningarstarf í sveitarfélaginu. Reglur og leiðbeiningar um umsókn eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Þar má einnig finna eyðublað til umsóknar sem og á skrifstofu sveitarfélagsins.

## Kortasjá

Á heimasíðu sveitarfélagsins er aðgengileg Kortasjá fyrir Rangárþing eystra. Þar er meðal annars hægt að sjá jarðamörk, hvar hitaveita og ljósleiðari eru lögð, friðlýst hús í sveitarfélaginu ásamt teikningum af öllum byggingum og svo mætti lengi telja. Stöðugt er verið að bæta við upplýsingum inn á kortasjána og við hvetjum fólk til að kíkja á heimasíðuna og kynna sér þessa nýju viðbót.

## Eystri Rangá aflamest

Þó íbúar sveitarfélagsins hafi verið í sólskinsskapi þetta sumarið hefur sólríkt og hlýtt sumar ekki verið gott fyrir laxveiðiár landsins. Rigning undanfarna daga hefur þó skilað sér í árnar og lífgað upp á veiði í kjölfarið tímabundið. Töluverða úrkomu vantar þó sumstaðar til að færa vatnabúskap í gott horf.

Eystri Rangá er nú í efsta sæti yfir laxveiðiár landsins með 686 laxa eftir góða rigningaviku, en vikan skilaði 281 lax. Á svipuðum tíma í fyrra höfðu veiðt 555 laxar svo þetta er fjölgum um 131 lax sem má teljast gott.



## Frá Héraðsbókasafninu

Héraðsbókasafn Rangæinga stendur nú í þriðja sinn fyrir lestrarhvatningarátaki fyrir börn í 1. – 4. bekk í Rangárþingi. Að þessu sinni eru 30 börn sem taka þátt. Í sumar fengu öll börnin sem skráðu sig blóm og markmiðið er að safna laufblöðum við blómið sitt, eitt laufblað fyrir hverja lesna bókasafnsbók. Lestarahvatningunni líkur 31. júlí. Eins og í fyrra stefnum við á fjöruga uppskeruhátíð 30. ágúst sem markar upphaf Kjötsúpuhátíðarinnar.

Eins og undanfarin sumur er einnig stórglæsilegur bókamarkaður á bókasafninu þar sem allar bækur eru á 200 kr. Fljótlega eftir verslunarmannahelgina munum við hefjast handa við að ganga frá bókamarkaðinum svo það fer hver að verða síðastur að kíkja við á safnið og gera góð bókakaup.

## Stytting vinnuvikunnar á Leikskólanum Örk

Á vordögum ákvað sveitarstjórn að setja af stað tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hjá stofnunum sveitarfélagsins. Velferðarnefnd vann úttekt þar sem allir forstöðumenn sveitarfélagsins svöruðu spurningum um hvort og hvernig stytting vinnuvikunnar gæti virkað fyrir hverja stofnun.

Sveitarstjórn ákvað, eftir könnun og vinnu Velferðarnefndar, að gera tilraun með styttingu vinnuvikunnar hjá starfsmönnum Leikskólans Örk. Stefnt er á að hefjast handa strax í haust, eftir að búíð verður að taka viðtöl við alla starfsmenn og skipuleggja nýtt vaktakerfi. Ljóst er að ekki er hægt að stytta opnun leikskólans og því þarf að koma á vaktaplani þar sem hægt er að fullmanna allar deildir, með styttri vinnuviku starfsfólks.

Tilgangur og markmið verkefnisins er að auka ánægju starfsmanna, minnka álag og draga þannig úr veikindum starfsfólks. Það verður spennandi að fylgjast með þróun verkefnisins og vonar sveitarstjórn að markmið verkefnisins náist á tilraunatímabilinu.



Ljósmynd: Jóna Sigþórsdóttir